

Framleiðendapjónusta SAM

STARFSMENN

Þrjú ráðgjafar (mjólkureftirlitsmenn) starfa á vegum Framleiðendapjónustu SAM (FP). Þeir sinna hver sínum svæðum en fara þó inná hvers annars svæði eftir þörfum. Mannabreytingar urðu á árinu 2011 en þá hætti Gunnar Kjartansson vegna aldurs en hann hefur starfað við ráðgjöf til mjólkurframleiðenda um áratugaskeið á svæði MS Selfossi. Við starfi hans tók Steinþór Guðjónsson en hann er reynslubolti í ráðgjöf til mjólkurframleiðenda. Gunnari eru færðar þakkir fyrir hans óeigingjörnu störf í þágu mjólkursamlaganna og mjólkurframleiðenda um leið og Steinþór er boðinn velkominn til starfa. Aðrir starfsmenn FP eru Kristján Gunnarsson sem sinnir aðallega svæðum MS Akureyri og MS Egilsstöðum og Hans Egilsson sem sinnir aðallega svæðum MS Reykjavík, MS Búðardal, MS Ísafirði og KS Sauðárkróki.

HEIMSÓKNIR, SÍMTÖL OG AÐSTOÐ VIÐ ÚRLAUSN VANDAMÁLA

Á árinu 2011 fóru ráðgjafarnir í alls 1.338 heimsóknir. Um 28 % þeirra hafa verið sérstaklega vegna líftöluvandamála, 11% sérstaklega vegna frírra fitusýra og 9% sérstaklega vegna frumutölu. Afgangur heimsóknanna eða um 52% hefur verið vegna blandaðra erinda þar sem ýmist hefur verið um fleiri en einn gæðaþátt að ræða, lyfjatilfelli, almennar úttektir á virkni þvotta og mjaltakerfa eða allmenn ráðgjöf heima á bæ (m.a. reglulegar heimsóknir).

ÁÆTLANIR Á ÁRINU 2012

Á árinu 2012 verður haldið áfram því góða starfi hjá FP sem verið hefur. Sérstaklega verður lögð áhersla á fjögur atriði á árinu:

1. **Fríar fitusýrur.** Mikil áhersla verður áfram lögð á vandamál með fríar fitusýrur (ffs).
2. **Líftala.** Áfram verður lögð mikil áhersla á líftölu, sér í lagi verður áfram unnið að því að stuðla að fækkun svokallaðra "gerlaskota" sem hafa ágerst samfara aukinni tæknivæðingu en sú þróun er í samræmi við það sem hefur gerst í nágrannalöndum okkar.
3. **Lyfjamálefni.** Áfram verður lögð mikil áhersla á lyfjamálefni.
4. **Reglulegar heimsóknir.** Gefa þeim mjólkurframleiðendum sem ekki eru með sérstök vandamál einnig kost á að fá heimsóknir a.m.k. annað hvert ár og stefna að því að koma því niður í árlegar heimsóknir.

Verkefni Framleiðendapjónustu SAM (FP) ráðgjafa

Eitt aðalverkefni ráðgjafa FP er að aðstoða mjólkurframleiðendur við hvers kyns gæðavandamál og skilja þá aldrei eftir með óleyst vandamál, annað hvort bjarga þeim málinu sjálfir eða útvega þá aðstoð eða annað sem vantar í það skiptið í samráði við viðkomandi mjólkurframleiðanda allt eftir eðli vandamálsins. Þeir starfa sem hluti af gæðakerfi mjólkursamlaganna og gæðakerfi viðkomandi mjólkurframleiðanda. Þannig eiga þeir með fyrirbyggjandi aðgerðum að koma í veg fyrir að upp komi vandamál með gæði mjólkur hjá framleiðanda, eða að öðrum kosti að aðstoða mjólkurframleiðandann við að vinna að lausn gæðavandamála eins fljótt og unnt er. Það verklag er viðhaft að fylgst er með gæðaniðurstöðum hvers mjólkurframleiðanda jafnóðum og þær liggja fyrir og ef tilefni er til er haft samband við viðkomandi mjólkurframleiðanda í síma og/eða farið í heimsókn til hans. Fleiri hundruð símtala eru gerð í hverjum mánuði vegna þessa. Það er undantekningarlaus regla að hafa ávallt samband ef um fall er að ræða. Auk þess hafa fjölmargir mjólkurframleiðendur samband í hverri viku. Þetta fyrirkomulag hefur reynst afar vel.

Öllum mjólkurframleiðendum er gefinn kostur á að fá ráðgjafa í heimsókn a.m.k. annað hvert ár til að gefa þeim kost á ráðgjöf og oftast ef unnt er.

Þrátt fyrir að FP hafi ekki sinnt beinni neyðarþjónustu hafa ráðgjafar hennar verið mjólkurframleiðendum innan handar við að tryggja að þeir fengju slíka þjónustu þegar á hefur þurft að halda. Lögð hefur verið áhersla á að ná góðu samstarfi við þjónustuaðila vegna tækniráðgjafar um allan mjaltabúnað og mjólkurtanka, auk þess sem aukin áhersla hefur verið lögð á að veita þeim aðhald. Þjónusta FP er án endurgjalds en öll aðkoma annarra þjónustuaðila er á kostnað mjólkurframleiðenda. Starfsmenn FP kalla ekki til utanaðkomandi þjónustuaðila án samráðs við viðkomandi mjólkurframleiðanda.